

34. fundur kennararáðs.

Kópavogi, 19.10.2023

Mættir: Birgir Urbancic Ásgeirsson, Guðjón H. Hauksson, Guðmundur Engilbertsson, Helga Kristín Kolbeins, Ingimar Ólafsson Waage, Jónína Hauksdóttir, Mjöll Matthíasdóttir, Ragnar F. Ólafsson, Sonja Dögg Pálsdóttir.

Fjarverandi: Kristín Jónsdóttir.

Fundarritari: Gunnhildur Harðardóttir.

Fundarstaður: Teams

Dagskrá fundar:

1. Upphaf, fundardagskrá og fundargerð.
2. Menntarannsóknarsjóður.
3. Veggspjald um almennu hæfnina.
4. Starfsþróun.
5. Staðan á kynningum um reglugerðina.
6. Önnur mál.

Umræður og ákvarðanir:

1. Upphaf, fundardagskrá og fundargerð

Formaður opnaði fund, bauð þátttakendur velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

Engar athugasemdir gerðar við dagskrá, fundargerð síðasta fundar borin upp og gerð ein efnisbreyting á henni.

2. Menntarannsóknarsjóður.

Varaformaður fjallar um sjóð Menntarannsóknna og þau verkefni sem MRN leggur megináherslur á fyrir næstu umsóknir en úthlutun fer fram fyrir júl 2023. Rannís sér um umsóknaferlið.

Áhersluþættir sjóðsins að þessu sinni eru:

- a) Nám og kennsla nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og fjöltyngi.
- b) Menntun og farsæld barna og ungmenna og þverfagleg samvinna milli skólastiga og þjónustukerfa.
- c) Þróun kennsluhátta í íslensku, stærðfræði og náttúrugreinum á grunn- og framhaldsskólastigi.
- d) Læsi og námsorðaforði.
- e) Kennaraspá fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólastig (nýliðun, brotthvarf og starfsumhverfi).
- f) Farsælt frístundastarf fyrir börn á aldrinum 6-18 ára.

Fram kom að verið sé að vinna að úthlutunarreglum Menntarannsóknarsjóðs og ekki lægi enn fyrir hve margir styrkir yrðu veittir. Í framhaldi urðu umræður um val MRN á áhersluþáttum sjóðsins að þessu sinni. Það kom fundaraðilum á óvart að ekki væri lögð áhersla á eflingu list- og

verkgreinakennslu í landinu auk annarra skapandi greina. Fundurinn lagði áhersla á að efla þurfi list- og verkgreinakennslu sem og aðra þætti og að styrkveiting til list- og verkgreina þyrfti ekki að vera á kostnað annarra þátta. Umræður sköpuðust um það mikla fjármagn sem varið er í skólaþróun á ári hverju og með hvaða hætti fjármagnið nýtist.

Rætt um tenginu umsókna við farsældarfrumvarpið. Fram kom í svörum varaformanns að verið sé að vinna í MRN að frumvarpi um æskulýðslög og æskulýðstarf fyrir öll börn til níttján ára aldurs.

Niðurstöður PISA ásamt þróun kennsluhátta hérlandis voru rædd og með hvaða hætti ætti að bregðast við þeirri stöðu sem niðurstöður sýna. Liðir a, c, og d í Menntavísindasjóði snerta allir á kennsluháttum og því mikilsvert að fá upplýsingar um stöðu kennsluhátta í landinu. Menntamálastofnun hefur upplýsingar um kennslustundagreinar út frá ytra mati á grunnskólum. Lagt var til að fá kynningu frá Menntamálastofnun um fyrirbyggjandi niðurstöður um kennsluhætti í tengslum við ytra mat á fund kennararáðs.

3. Veggspjald um almennu hæfnina.

Starfshópur lagði fram fimm tillögur að veggspjöldum með þeim breytingum sem gerðar hafa verið frá síðasta fundi. Fram komu ýmsar tillögur að frekari breytingum sem nefndin mun fara yfir. Rætt var m.a. um hvort QR-kóðinn ætti ekki að vísa í reglugerðina, plakötin yrðu fjögur, eitt fyrir hvert svið og þá spurning um að númera sviðin. Starfshópurinn mun funda í framhaldi og fara yfir þær tillögur sem fram komu. Umræður voru einnig um hvernig hægt væri að nálgast veggspjöldin, um vefsíðu eins og t.d. adalnamskra.is þar sem hægt væri að vinna frekar með hæfniramma og annað það sem snýr að honum. Rætt var um hýsingu á vefsvæði og var ákveðið að svo stöddu myndi tengillinn vísa á reglugerðina sjálfa hjá island.is Í framtíðinni mætti horfa til nýja stofnun um skólaþjónustu varðandi vefsvæði.

4. Starfsþróun

Jónína Hauksdóttir greindi frá fundi sem faghópur um starfsþróun kennara hélt 17. október sl. Fram kom í máli Jónínu að það sem stóð út af eftir fundinn var óvissa og óöryggi hópsins um hlutverk sitt og hvaða leiðir ætti að fara. Spurningar sem vöknudu innan hópsins voru t.d. á að gera könnun, á að leita í þau gögn sem liggja fyrir, er hægt að tengja Menntamiðju og Menntafléttu við verkefni hópsins, eru farsældarlögin inni í þessari vinnu. Upplifun hópsins var sú að verkefnið væri stórt, viðamikilið og tímafrekt. Þá var einnig spurt út í greiðslur fyrir þátttöku í starfshópnum. Mikilvægt er að vinna ekki aftur þá vinnu sem liggur fyrir. Fram kom að kennararáðið hafi viljað hafa vinnu hópsins opna og ganga út frá almennri hæfni kennara sem flokkast í fjögur megin svið. Fundað verður með þeim sem stýra vinnu starfsþróunarhópsins til að skerpa á hlutverkunum.

5. Staðan á kynningum um reglugerðina.

Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands og Listaháskóli Íslands eru í samfloti með kynningar á reglugerðinni. HA er nú að endurskoða kennaranámið hjá sér mt.t. rammans. Skólarnir þurfa rammann til að kenna kennaranemum og hafa speglað rammann við sína vinnu. Allt að smella saman hjá þessum aðilum. Formaður tekur stöðuna á næsta fundi.

6. Önnur mál.

a) Alþjóðadagur kennara 5. okt.

Bent var á greinar sem Jónína, Mjöll og Guðjón birtu í tilefni alþjóðadags kennara.

Fram kom m.a. í máli Guðjóns, sem er aðili í Norrænu kennarasamtökunum NSI, að Norðurlöndin séu að glíma við sama vanda og Ísland varðandi kennaraskort og vinnuálag. Guðjón mun senda glærur varðandi þetta málefni á hópinn af fundi loknum. Ragnar benti á að niðurstöður úr ýmsum rannsóknum væri að finna hjá Nordisk Evalueringsnetværk.

Fundið slitið kl: 14.10

Næsti fundur: 16. nóvember 2023 kl: 13.00